



Byggðastofnun

Þróunarsvið

Áhrif kvótasetningar aukategunda hjá krókabátum á byggð á Vestfjörðum



Október 2001

Samantekt

- Atvinnulíf á Vestfjörðum er háð fiskvinnslu og fiskveiðum. Í vestfirskum sjávarbyggðum er hlutfall fiskvinnslu og fiskveiða víða á bilinu 30-60% heildarársverka.
- Hlutur vestfirskra báta í heildaraflamarki hefur dregist saman um rúmlega 30% frá upphafi kvótakerfisins.
- Hlutur vestfirskra skipa í veiðiheimildum krókabáta hefur aukist um rúm 30% frá 1995-2001 og sóknardagabátum á Vestfjörðum hefur á sama tíma fjölgað um rúmlega 50%.
- Á síðasta fiskveiðiári lönduðu krókabátar 49% alls þorsks á Vestfjörðum, 65% af ýsu, 32% af ufsa og 64% af steinbít.
- Miðað við landaðan afla á síðasta fiskveiðiári og úthlutað krókaafلامark má áætla að afli vestfirskra krókaafلامarksbáta verði 6.200 tonnum minni á þessu fiskveiðiári en á því síðasta, miðað við slægðann afla, skv. upplýsingum frá Fiskistofu.
- Fyrirsjáanlegt er að samdráttur í aflaverðmæti hjá vestfirskra krókabátaflotanum muni nema rúmum milljarði á nýhöfnu fiskveiðiári vegna kvótasetningar ýsu, ufsa og steinbíts, sé miðað við meðalverð á fiskmörkuðum í síðasta mánuði.
- Miðað við samdrátt í afla til vinnslu upp á 6.200 tonn af slægðum afla, vegna kvótasetningar ýsu, steinbíts og ufsa, má gera ráð fyrir því að ársverkum í landvinnslu á vestfjörðum fækki um 93, sé miðað við upplýsingar frá Samtökum fiskvinnslustöðva.
- Landssamband smábátaeigenda gerir ráð fyrir því að störfum við smábátaútgerð á vestfjörðum fækki um 160-200 vegna kvótasetningar ýsu, steinbíts og ufsa.

Inngangur

Í þessari samantekt verður fjallað um hlut krókabáta í sjávarútvegi á Vestfjörðum og tilraun gerð til að meta afleiðingar þeirra breytinga sem urðu á veiðikerfi smábáta þann 1. sept. síðastliðinn þegar kvóti var settur á veiðar þeirra á steinbít, ýsu og ufsa. Lögð verður áhersla á að meta áhrif breytinganna á byggð á Vestfjörðum.

Sjávarútvegur á Vestfjörðum

Atvinnulíf

Atvinnulíf á Vestfjörðum byggist að verulegu leyti á fiskvinnslu og fiskveiðum. Árið 1997¹ var hlutfall fiskveiða og fiskvinnslu víðast á bilinu 30-60% heildarársverka í vestfirskum sjávarbyggðum. Leiða má að því líkur að það hlutfall hafi lítið breyst á síðustu fjórum árum. Ísafjörður sker sig nokkuð úr en þar er hlutfall þjónustu hærra en á hinum stöðunum. Þá er hlutfall þjónustu einnig nokkuð á Patreksfirði, enda staðurinn í vissum skilningi þjónustukjarni fyrir suðursvæði Vestfjarða. Um störf í þjónustu og þjónustuiðnaði í sjávarbyggðum á Vestfjörðum má þó segja að þau standi nær öll og falli með sjávarútvegi á einn eða annan hátt. Undantekningar frá þessu eru á Ísafirði.

Aflaheimildir


Yfirráð yfir aflaheimildum eru grundvallaratriði í sjávarútvegi nútímans. Hlutur Vestfjarða í aflamarki hefur dregist saman um rúmlega 30% frá upphafi kvótakerfisins, en hinsvegar hefur hlutur vestfirskra krókabáta (smábáta undir 6 brl. að stærð) aukist verulega frá því að byrjað var að stjórna veiðum þeirra árið 1995. Þannig jókst hlutur þeirra í þorskaflahámarki um rúm 30% frá 1995-2001 og sóknardagabátum á Vestfjörðum hefur á sama tíma fjölgað um rúmlega 50%.

Verkaður afli

Aflamagn sem kemur til vinnslu á Vestfjörðum hefur sveiflast nokkuð á síðustu árum, mest í takt við úthlutun aflamarks. Fyrir áratug var unnið úr rúmlega 60.000 tonnnum í vestfirskum sjávarbyggðum en á síðasta ári var þessi tala komin niður í tæp 32.000 tonn, (sjá mynd 1). Þar af var steinbítur tæp 5.500 tonn og ýsa tæp 3.000 tonn. Hér er miðað við óslægðann afla. Á fiskveiðiárinu 2001-2002 má búast við verulegum samdrætti í þessum tveim tegundum í kjölfar kvótasetningar þeirra. Samdráttur varð einnig í úthlutun í þorski á milli ára. Nánari grein verður gerð fyrir þessum atriðum síðar í skýrslunni. Eins og sjá má á mynd 2 fer svipað magn af þorski í landfrystingu og söltun. Steinbítur og ýsa eru hinsvegar að mestu fryst.


¹ Upplýsingar um skiptingu ársverka eftir svæðum liggur ekki fyrir eftir 1997.

Verkaður afli á Vestfjörðum 1990-2000 (fjórar helstu botnfisktegundir)



Mynd 1 – Verkaður afli á Vestfjörðum 1990-2000 (fjórar helstu botnfisktegundir (óslægður afli)

Verkaður afli á Vestfjörðum árið 2000 (fjórar helstu botnfisktegundir) - Vinnsluáferðir



Mynd 2 – Verkaður afli á Vestfjörðum 2000 (fjórar helstu botnfisktegundir) - vinnsluáferðir

Vinnuafli

Árið 1997² voru ársverk á Vestfjörðum 957 í fiskvinnslu og 580 í fiskveiðum. Ársverk á Vestfjörðum árið 1997 voru 4.369. Gera má ráð fyrir því að þessar tölur hafi lækkað nokkuð á síðustu fjórum árum, þar sem íbúum Vestfjarða hefur fækkað um 358 á þessu tímabili, úr 7.341 árið 1997 í 6.983 árið 2000. Þá hefur störfum í fiskvinnslu og fiskveiðum fækkað á landinu öllu á sama tíma.

² Upplýsingar um skiptingu ársverka eftir svæðum liggur ekki fyrir eftir 1997.

Krókabátar á Vestfjörðum


Hlutfall af lönduðum afla á Vestfjörðum

Vestfirskir krókabátar veiða stóran hluta þess afla sem íslenski krókabátaflotinn kemur með á land á ári hverju. Á síðasta fiskveiðiári var 43% af þorskafla krókabáta landað á Vestfjörðum. Hlutfallið var 48% í ýsu, 8% í ufsa og 71% í steinbít.

Þegar hlutur krókabáta í lönduðum afla á Vestfjörðum er skoðaður má glögg sjá hversu stórt hlutverk þeirra er í vestfirskri útgerð. Á síðasta fiskveiðiári lönduðu krókabátar 49% þorsks á svæðinu, hlutfallið var 65% í ýsu, 32% í ufsa og 64% í steinbít. Hlutfall smábáta í


lönduðum heildarafla er hærra á Vestfjörðum en í öðrum landshlutum og því ljóst að mikilvægi þeirra í hráefnisöflun fyrir fiskvinnslur á Vestfjörðum er mikið, auk þess sem smábátaútgerð skapar ýmiskonar önnur störf í landi s.s. við beitningu.

Landaður afli af krókabátum á Vestfjörðum hefur aukist úr rúmlega 8.400 tonnum 1995-96 í rúm 23.000 tonn á síðasta fiskveiðiári³. Þessa aukningu má rekja til áðurnefndrar aukningar á veiðiheimildum Vestfirðinga og einnig til smábáta úr öðrum landshlutum sem sækja í auknum mæli á grunnslóð út af Vestfjörðum hluta úr árinu og landa þá sínum afla í vestfirskum höfnum. Þá hafa vestfirskir smábátar aukið verulega sókn sína í ýsu og steinbít en veiðar á þessum tegundum voru frjálssar til 1. september 2001.



Mynd 3 –Hlutur skipaflokka í lönduðum afla árið 2000 (fjórar helstu botnfisktegundir)

Vestfirðir - Landaður afli af krókabátum 1995-2001



Mynd 4 - Landaður afli krókabáta á Vestfjörðum 1995-2001 (fjórar helstu botnfisktegundir)

³ Hér er um að ræða afla allra krókabáta sem landa í vestfirskum höfnum, burtséð frá heimahöfn viðkomandi báta.

Breytingar á lögum um stjórn fiskveiða 1. sept. 2001

Breytingar á lögum um stjórn fiskveiða sem varða veiðar smábáta áttu upphaflega að taka gildi við upphaf fiskveiðiársins 2000-2001. Ákveðið var að fresta gildistöku þeirra um eitt ár og komu breytingarnar því til framkvæmda þann fyrsta september síðastliðinn.

Helstu breytingarnar sem fylgja nýjum lögum eru þær að þorskaflahámarkskerfið og sóknardagakerfið verða lögð niður í núverandi mynd og í stað þeirra koma krókaafلامarkskerfi og sóknardagakerfi með framseljanlegum sóknardögum. Handfærabátar fara inn í hið nýja sóknardagakerfi þar sem dögum fækkar um 2, verða 21. Bátum í krókaafلامarkskerfi verður úthlutað kvóta í þorski líkt og gert var í þorskaflahámarkskerfinu og við bætist kvótasetning á ýsu, steinbít og ufsa, veiðar á öðrum tegundum sem sæta takmörkunum á heildarafla eru óheimilar⁴. Í ýsu, steinbít og ufsa mun veiðireynsla ráða hlutdeild í krókaafلامarkinu hjá þeim bátum sem áður voru í þorskaflahámarki⁵. Þeir sóknardagabátar sem fara inn í krókaafلامarkskerfið fá hinsvegar úthlutað eftir öðrum reglum. Stærsta breytingin felst því í kvótasetningu svonefndra aukategunda, ýsu, steinbíts og ufsa, en veiði á þessum tegundum hefur verið frjáls hjá smábátum með þorskaflahámark og sóknardaga fram að þessu.

Áhrif á smábátaútgerð

Þær breytingar sem lýst var hér að ofan munu hafa í för með sér mikilar breytingar fyrir smábátaútgerð í landinu. Ef borin er saman landaður afli þeirra báta sem fengu úthlutað krókaafلامarki 1. sept. síðastliðinn á fiskveiðiárinu 2000-2001 og þær veiðiheimildir sem þeir hafa á núverandi fiskveiðiári er fyrirsjáanlegt að afli þeirra muni dragast verulega saman á milli ára. Þannig var ýsuafli þessara báta 10.198 tonn en þar eru aflaheimildir nú 2.470 tonn. Ýsuafli mun því dragast saman um 7.728 tonn, eða rúm 75% að því gefnu að allur kvóti verði veiddur. Steinbítisafli krókaafلامarksbáta á síðasta fiskveiðiári var um 9.755 tonn en aflaheimildir þessara báta eru nú 3.314 tonn sem er samdráttur upp á 6.441 tonn eða 66%. Auk þess munu þorsveiðiheimildir 78 smábáta, sem heimilt var að veiða 30 tonn á ári, verða 7,5 tonn í nýju kerfi. Ofan á kvótasetningu aukategunda bætist síðan 13,6% samdráttur í heildarþorskkvóta sem bitnar á krókabátum sem og öðrum hlutum flotans. Krókaafلامarksbátum, þ.e.a.s. þorskaflahámarksbátum og þakbátum, verður á næsta fiskveiðiári úthlutað alls 12,89% af heildarþorskaflanum á næsta fiskveiðiári eða samtals 24.471 tonnum, miðað við 190.000 tonna heildarafla. Til samanburðar má nefna að á síðasta fiskveiðiári var þorskafl þessara báta 30.559 tonn.

⁴ Skv. 3 grein laga nr. 93 frá árinu 2000um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

⁵ Í bráðabirgðaákvæði nr. XXIV í lögum nr. 38 frá árinu 1990 um stjórn fiskveiða segir: *Samanlögð hlutdeild krókabáta í hámarksafla af ýsu, ufsa og steinbít skal vera jöfn meðalhlutdeild þeirra í heildarafla af hverri þessara tegunda almanaksárin 1996, 1997 og 1998 og skal hún skiptast milli veiðikerfa þeirra í sömu innbyrðis hlutföllum og þorskur skv. 2.-4. mgr. Í flokki báta sem stundað hafa veiðar með þorskaflahámarki skal hlutdeild af ýsu, ufsa og steinbít skiptast í hlutfalli við veiðar hvers báts um sig á þessum árum og skal í þeim samanburði miðað við tvö bestu ár hvers báts af árunum 1996, 1997 og 1998. Við útreikning þennan skal afli árið 1998 margfaldaður með tveimur. Í flokkum báta sem stundað hafa veiðar með dagatakmörkunum skal hlutdeild af ýsu, ufsa og steinbít skiptast jafnt milli báta innan hvors flokks um sig.*

Áðurnefndar lagabreytingar munu þýða mikla tekjuskerðingu fyrir smábátaútgerðir sem þær þurfa væntanlega að mæta með samdrætti í sínum rekstri. Fyrirsjáanlegt er að áhrifin af minni umsvifum smábáta á Vestfjörðum munu fyrst og fremst birtast í fækkun starfa í landi s.s. við beitningu og minnkandi hráefni til landvinnslu sem þýðir fækkun starfa þar. Þá eru ótalin afleidd störf s.s. við þjónustu.


Áhrif lagabreytinganna á Vestfjörðum

Eins og sagt var frá hér á undan er hlutur smábáta í útgerð á Vestfjörðum stór, en þeir veiða t.d. helming þess botnfiskafla sem berst á land á svæðinu. Uppgangur í veiðum smábáta á Vestfjörðum á síðustu árum hefur skapað þar mikil verðmæti og mörg störf og að nokkru leiti komið í staðinn fyrir samdrátt sem orðið hefur t.d. vegna flutnings aflamarks frá svæðinu. Áhrif nýrra laga um veiðar smábáta verða því meiri á Vestfjörðum en í öðrum landshlutum. Skipta má áhrifum áðurnefndra breytinga á vestfirskt atvinnulíf í tvennt. Í fyrsta lagi mun afli sem kemur til vinnslu minnka verulega sem væntanlega mun leiða af sér samdrátt í landvinnslu. Leiða má að því líkur að störfum í landvinnslu fækki af þessum sökum, ef ekki kemur til hráefni úr öðrum áttum. Hinn hluti áhrifanna snýr að útgerð krókabátanna. Gera má ráð fyrir því að kvótasetning ýsu, steinbíts og ufsa, bann við veiðum á öðrum tegundum og samdráttur í þorskveiðiheimildum leiði af sér uppsagnir hjá útgerðarmönnum krókabáta. Hér er um að ræða fólk sem vinnur í landi við beitningu og aðra þjónustu við báta og einnig má gera ráð fyrir að í einhverjum tilfellum verði fækkað í áhöfnum, auk þess sem einhverjum bátum verður lagt.

Samdráttur í lönduðum afla

Ljóst er að kvótasetning aukategunda og samdráttur í þorskkvóta mun leiða til þess að minni afli en áður kemur á land á Vestfjörðum. Erfitt er að gera sér grein fyrir því með einhverri nákvæmni hversu mikið störfum í fiskvinnslu mun fækka. Hér verður gerð tilraun til þess að meta þetta með hjálp talna frá Samtökum fiskvinnslustöðva.

Landaður afli 2000-2001 og úthlutað krókaflamark til krókaflamarksbáta með vestfirskra heimahöfn 2001-2002



Mynd 5 – Landaður afli 2000-2001 og úthlutað krókaflamark til krókaflamarksbáta með vestfirskra heimahöfn

Samkvæmt þeim þarf að jafnaði 17 ársverk til að vinna hver 1000 tonn af slægðum afla. Hér er miðað við frystingu og eingöngu um meðaltal að ræða. Þessar tölur munu vera svipaðar en þó eitthvað lægri í saltfiskvinnslu og því verður miðað við 15 ársverk á hver 1000 tonn í þeim útreikningum sem hér verða gerðir.

Ef skoðað er hversu mikið vestfirskir krókaafلامarksbátar lönduðu á síðasta fiskveiði ári og það borið saman við úthlutun krókaafلامarks þann 1. sept. síðastliðinn má áætla að afli þessara báta í ýsu, steinbít og ufsa verði 6.200 tonnum minni á þessu fiskveiðiári en á því síðasta. Hér er miðað við slægðann afla. Séu þessar tölur notaðar í einfalt reiknisdæmi má sjá að samdráttur í hráefni um rúmlega 6.200 tonn gætu þýtt að ársverkum fækkaði um 93, m.v. að 15 ársverk séu á bak við hver 1.000 tonn í vinnslu.

Samdráttur í útgerð krókabáta

Alls fengu 135 bátar með vestfirska heimahöfn úthlutað krókaafلامarki við upphaf þessa fiskveiðiárs. Eins og komið hefur fram áður í þessari samantekt mega þessir bátar nú koma með á land u.þ.b. 6.200 tonnum minni steinbíts- og ýsuafلا á land á þessu fiskveiðiári en þeir gerðu á því síðasta. Hér er miðað við slægðann afla. Ætla má að þessi samdráttur muni verða til þess að fækkað verði í áhöfn einhverra báta og að beitningarfólki verði sagt upp.

Samkvæmt upplýsingum frá Landssambandi smábátáeigenda má gera ráð fyrir að minni umsvif krókabátaútgerðar á Vestfjörðum gæti þýtt að heilsársstörfum við smábátaútgerð á svæðinu fækkaði um 160-200. Þar er um að ræða störf við beitningu og sjómennsku. Í einhverjum tilfellum munu smábátasjómenn sjálfir taka við beitningu og í einhverjum tilfellum munu þeir skipta úr línuveiðum yfir á handfæri.

Hugsanleg áhrif á byggð

Ef reiknaður er út svokallaður margfeldisstuðull fyrir Vestfirði í heild árið 1997 kemur út að hann er u.þ.b. 2,2 sem þýðir að hvert starf í frumvinnslu leiði til 1,2 starfa í öðrum atvinnugreinum. Fjölskyldustuðull segir síðan hversu margir eru að meðaltali á framfæri hvers vinnandi manns. Á Vestfjörðum fæst fjölskyldustuðullinn 2 sem þýðir að 1 einstaklingur er að meðaltali að bak við hvert ársverk á vinnumarkaði. Séu þessir stuðlar margfaldaðir saman kemur í ljós hversu margir íbúar eru á beinan eða óbeinan hátt háðir hverju starfi í frumvinnslu. Niðurstaðan er $2,2 \times 2 = 4,4$ sem þýðir að á bak við hvert starf sem tapast í frumvinnslu má áætla að rúmlega fjórir einstaklingar verði að finna sér annað lífsviðurværi, miðað við þær forsendur sem hér eru notaðar.

Við þessa útreikninga verður að slá marga varnagla. Í fyrsta lagi er í þessum útreikningum gert ráð fyrir því að viðkomandi vinnsla bregðist ekki á nokkurn hátt við þeim breytingum sem orðið hafa. Í öðru lagi verður ávallt að taka stuðla sem þessa með mikilli varúð þar sem þeir eru byggðir á meðaltalsútreikningum. Í þriðja lagi eru útreikningar á fjölskyldustuðlum sem þessum vandmeðfarnir t.d. í ljósi þess að á Vestfjörðum býr mikið af erlendu verkafólki sem að í einhverju leiti býr við annað fjölskyldumynstur en gert er ráð fyrir í þessum útreikningum.

Útreikningar þessir gefa því í besta falli vísbendingar um áhrif kvótasetningar aukategunda hjá krókabátum á byggð á Vestfjörðum.

Hér á undan var gerð tilraun til að meta það hvað fyrirsjáanlegur samdráttur í afla krókabáta gæti þýtt mikla fækkun ársverka í sjávarútvegi á Vestfjörðum. Séu þessar tölur skoðaðar með hliðsjón af áðurnefndum margfeldisstuðli má fá ákveðnar vísbendingar um áhrif áðurnefndra lagabreytinga á byggð á Vestfjörðum. Miðað við að ársverkum í fiskvinnslu fækki um 93 má áætla að 409 einstaklingar missi lífsviðurværi sitt vegna samdráttar í fiskvinnslu. Hér er miðað við að ekkert verði gert til að bregðast við áðurnefndum aflasamdrætti.

Samkvæmt upplýsingum frá Landssambandi smábátaeigenda gætu um 160-200 störf tapast í smábátaútgerð í kjölfar kvótasetningar aukategunda. Gangi þetta eftir má gera ráð fyrir að þar missi 704 lífsviðurværi sitt vegna samdráttar í útgerð krókabáta. Til að setja málið í samhengi má geta þess að íbúar Vestfjarða 1. des. 2000 voru 8.144.

Samdráttur í aflaverðmætum

Miðað við að kvótasetning ýsu, ufsa og steinbíts hjá krókabátum standi óbreytt má gera ráð fyrir að samdráttur í veiðum þessara tegunda leiði af sér mikinn samdrátt í aflaverðmætum sem verða til í vestfirskum sjávarútvegi. Miðað við þær forsendur sem notaðar eru í töflu 1, má gera ráð fyrir að aflaverðmæti sem skapast hafa í veiðum krókabáta með heimhöfn á Vestfjörðum verða um einum milljarði minni á nýhögðu fiskveiðiári en þau voru á nýliðnu fiskveiðiári.

m.v. óslægðann afla			Aflaverðmæti		
	Afli 2000-2001	Krókaaflam. 2001-2002	Mismunur	kr. / kg.*	Samtals
Ýsa	4.277	940	-3.337	183,53	-612.408 kr.
Ufsi	97	138	41	55,3	2.281 kr.
Steinbítur	5.211	1.385	-3.826	122,61	-469.050 kr.
			-7.121		-1.079.177 kr.

* meðalverð á Íslandsmarkaði 5.9-2.10 2001


Tafla 1 - Afli krókabáta með vestfirsku heimahöfn 2000-2001 og úthlutað krókaafلامark til sömu báta 2001-2002

Niðurlag


Sjávarútvegur er undirstöðuatvinnugrein á Vestfjörðum og nálægð við gjöful fiskimið er einn helsti styrkleiki vestfirskra byggða. Þegar haft er í huga áðurnefnt mikilvægi smábátaútgerðar fyrir sjávarútveg á Vestfjörðum liggur það í augum uppi að allar breytingar á löggjöf um veiðar smábáta sem hafa í för með sér skerðingu á veiðiheimildum þeirra, munu hafa mikil áhrif á byggð á Vestfjörðum. Í þessari samantekt var gerð tilraun til að meta það hvaða áhrif kvótasetningar á ýsu, steinbít og ufsa gæti haft á byggð á Vestfjörðum. Eftir þessa stuttu samantekt verður ekki annað séð en að áhrif hennar gætu orðið mjög alvarleg í ljósi áðurnefnds mikilvægis krókabátaútgerðar á byggð á Vestfjörðum.

Viðauki – svæðisbundnar breytingar


Í þessum viðauka eru birtar myndir þar sem umfjöllunarefni skýrslunnar er brotið niður á einstök byggðarlög á Vestfjörðum




Mynd 6 –




Mynd 7 –




Mynd 8 –



Mynd 9 –




Mynd 10 –



Mynd 11 –

Fjöldi krókaflamarksbáta á Vestfjörðum 1. sept. 2001



Mynd 12 –